

Sp.

163. Tillaga til þingsályktunar

[141. mál]

um Kolbeinsey.

Flm.: Stefán Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að sjá svo um, að sjómerki verði sett upp sem allra fyrst á Kolbeinsey. Athuganir fari einnig fram á því, hvort og á hvern hátt megi sem best tryggja að eyjan standist heljaröfl stórviðra og ísa.

Greinargerð.

Megintilgangur þessarar þingsályktunartillögu er að auka öryggi sjófarenda. Jafnframt því verði athugað hvort koma megi í veg fyrir að eyjan hverfi í sæ.

Kolbeinsey er lítil óbyggð eyja rúmar 36 sjómílu NNV af Grímsey, 67° 8' nbr., 18° 34' v. l. Í kringum eyna eru sker, einkum til VNV. Þar ná skerir um 600—700 m út. Kolbeinsey er nyrsti oddi grynningar, er rekja má alla leið til Víkurhöfða á Flateyjardal. Flatey á Skjálfanda og Grímsey standa því á sama hryggnum og Kolbeinsey.

Margt bendir til að eyjan, sem er úr mjög eldbrunnu basalhrauni, hafi myndast við neðansjávareldgos. Jarðvegur er þar enginn né jurtagróður af nokkru tagi.

Með mjög aukinni sókn skipa til sjávarfangs á þetta hafsvæði hefur þörfin orðið brýnni en áður á að komið verði upp sjómerki á Kolbeinsey til öryggis sjófarendum.

Vissulega eru aðstæður til þeirra framkvæmda, sem hér er rætt um erfiðar, en ekki ómögulegar.

Fyrir nokkru var ratsjármerki sett upp í Kolbeinsey, en stóðst ekki þann veðraham er þar geisar.

Starfsmenn Landhelgisgæslunnar voru við athuganir á Kolbeinsey 25. apríl 1978 og segja þá m. a.: „Undirstöður undir ratsjármerki virðast standa sig vel, en merkin sjálf hafa brotnað við steinsteypu.“

Þótt svo hafi farið sem hér segir er engin ástæða að ætla að nú sé ekki hægt að ganga hér tryggilega frá, þannig að sem mest öryggi fáið með þeim búnaði sem upp yrði settur.

Á Kolbeinsey sannast það, að dropinn holar steininn. Heljaröfl hafs og hafíss hafa í áranna rás haft betur í fangbrögðum sínum við þennan útvörð í norðri.

Ef svo heldur fram sem horfir hverfur þessi klettaeyja og skerið eitt verður eftir, ef ekki verður brugðið við og reynt að koma í veg fyrir óbætanlegt tjón.

Elstu mælingar, sem mér eru kunnar á Kolbeinsey, eru trúlega:

	N-S	A-V	Hæð
Frá árinu 1580	753 m (400 fm)	113 m (60 fm)	113 m (60 fm)
Frá árinu 1932	113 m (60 fm)	75 m (40 fm)	10 m (5½ fm)
Frá árinu 1978	37.7 m	42.8 m	5.4 m

Þessar mælingar segja merkilega sögu um það sem hér hefur verið að gerast. Þó svo að einhverju kunni að skeika í elstu mælingunum, þá er hér mjög greinilegt hvert stefnir. Hér ber því vissulega að leita allra tiltækra ráða til verndar Kolbeinsey, ef nokkur kostur er.

Hér skal ekki lagður dómur á það, hvernig hér skuli brugðið við. Eðlilegt verður að teljast að hið opinbera standi fyrir þeim framkvæmdum og athugunum, sem nauðsynlegar verða taldar og greiðar þann kostnað, sem af þeim kann að hljóta.